





Ræktunarmarkmið Íslenska fjárhundsins

ENDURSKOÐUN



SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

SAGA:

Íslenski fjárhundurinn er **eini** þjóðarhundur Íslendinga. **Hann barst til landsins þegar á landnámsöld með norrænum víkingum.** Hundurinn varð bændum ómissandi við smölun og yfirsetu og vinnueiginleikar hans hafa aðlagast landslagi, búskaparháttum og harðri lífsbaráttu Íslendinga á liðnum öldum.

Á síðustu áratugum hafa vinsældir íslenska fjárhundsins aukist og þrátt fyrir að stofninn sé ekki stór, telst hann ekki lengur í útrýmingarhættu.

SAGA:

Íslenski fjárhundurinn er þjóðarhundur Íslendinga. **Hann er afkomandi hunda sem bárust til landsins þegar á landnámsöld.** Hundurinn varð bændum ómissandi við smölun og yfirsetu og vinnueiginleikar hans hafa aðlagast landslagi, búskaparháttum og harðri lífsbaráttu Íslendinga á liðnum öldum.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

HEILDARVIPUR:

Íslenski fjárhundurinn er norrænn smalahundur, tæplega meðalstór með upprétt eyru og hringað skott. Séð frá hlið mynda lengd og hæð hundsins rétthyrning, **en lengd frá bringubeini aftur að setbeini verður að vera meiri en hæð hans á herðakamb**. Hæð framfóta á að vera jöfn hæð brjóstkassa.

Mildur, greindarlegur og oft brosleitur svipur, öruggt og fjörlegt fas er einkennandi fyrir íslenska fjárhundinn.

Hárafar er með tvennu móti, ýmist snögg eða loðið, en ávallt þétt og hrindir vel frá sér vætu.

Útlitsmunur er greinilegur á milli **hunds** og tíkar.

HEILDARVIPUR:

Íslenski fjárhundurinn er norrænn smalahundur, tæplega meðalstór **og kröftugur**, með upprétt eyru og hringað skott. Séð frá hlið mynda lengd og hæð hundsins rétthyrning. Mildur, greindarlegur og brosleitur svipur, öruggt og fjörlegt fas er einkennandi fyrir íslenska fjárhundinn.

Hárafar er með tvennu móti, ýmist snögg eða loðið. Báðar gerðir eru þéttar og mjög veðurþolnar.

Útlitsmunur er greinilegur milli **rakka** og tíkar.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

NÝR KAFLI:

MIKILVÆG HLUTFÖLL:

Nýtt – flutt frá Heildarsvip.

Séð frá hlið mynda útlínur rétthyrning, lengd hundsins frá bóglið að setbeini er meiri en hæð á herðakamb. Dýpt brjóstkassa er jöfn lengd framfóta. Trýni er ívið styttra en höfuðkúpa.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

EIGINLEIKAR OG LUND:

Íslenski fjárhundurinn er **fimur** og þolinn smalahundur sem geltir og **nýtist vel** til að reka **og safna saman búfénaði úr haga eða af fjalli og** til fjárleita.

Vakteðli er hundinum eiginlegt og sýnir hann áberandi gestalæti er ókunna ber að garði, án þess þó að vera árásargjarn. Veiðieiginleikar eru ekki áberandi í fari hans.

Íslenski fjárhundurinn er glaður og vingjarnlegur hundur, forvitinn og fjörmikill með ljúfa lund, **harðger** og óragur.

EIGINLEIKAR OG LUND:

Íslenski fjárhundurinn er **kvikur, harðger** og þolinn smalahundur sem geltir og er því mjög **gagnlegur** við rekstur búsmala og til fjárleita.

Vakteðli er hundinum eiginlegt og lætur hann vita þegar fólk ber að garði án þess að vera árásargjarn.

Íslenski fjárhundurinn er glaður og vingjarnlegur, forvitinn, fjörmikill með ljúfa lund og óragur.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

HÖFUÐ:

Höfuð er sterklegt og húð þéttliggjandi. **Lengd höfuðkúpu er ívið meiri en lengd trýnis.** Séð ofanfrá og frá hlið myndar höfuðið þríhyrning.

Höfuðkúpa: **Höfuðkúpa** er aðeins hvelfd.

Ennisbrún: **Ennisbrún** er greinileg, en hvorki há né brött.

Nef: Nef er svart en dökkbrúnt á mórauðum og leirhvítum hundum.

Trýni: **Trýni** er kröftugt, fremur stutt og beint og mjókkar fram í snubbóttan þríhyrning séð bæði frá hlið og ofanfrá.

HÖFUÐ:

Sterklegt og húð þéttliggjandi. Séð ofanfrá og frá hlið myndar höfuð þríhyrning.

KÚPUSVÆÐI:

Höfuðkúpa: Aðeins hvelfd.

Ennisbrún: Vel greinileg, en hvorki há né brött.

ANDLITSSVÆÐI:

Nef: Svart eða dökkbrúnt á mórauðum og **sumum** leirhvítum hundum.

Trýni: **Kröftugt og beint, ívið styttra en höfuðkúpa.** Trýni mjókkar fram í snubbóttan þríhyrning bæði séð ofanfrá og á hlið.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

HÖFUÐ:

Varir: **Varir** liggja þétt að kjálkum, litaraft svart en dökkbrúnt á mórauðum og leirhvítum hundum.

Bit og tennur: Kjálkar og tennur mynda skærabit. Fulltenntur.

Kinnar: **Kinnar eru** sléttar.

Augu: **Augu eru í** meðallagi stór og möndlulaga, dökkbrún á lit en aðeins ljósari á mórauðum og leirhvítum hundum. Hvarmalitur er svartur en dökkbrúnn á mórauðum og leirhvítum hundum.

Eyru: **Eyru eru í** meðallagi stór og upprétt og nálgaast jafnarma þríhyrning að lögun. Brúnir eru sléttar en eyrnabroddar aðeins ávalir. Eyrnir eru hreyfanleg og kvik og undirstrika athygli og hugarástand hundsins.

HÖFUÐ:

Varir: Liggja þétt að kjálkum. Litarhaft er svart eða dökkbrúnt á mórauðum og **sumum** leirhvítum hundum.

Kjálkar/Tennur: Skærabit og **æskilegt** að hundurinn sé fulltenntur.

Kinnar: Sléttar.

Augu: Möndlulaga og í meðallagi stór. Dökkbrún, en geta verið aðeins ljósari á mórauðum og **sumum** leirhvítum hundum. Hvarmalitur er svartur eða dökkbrúnn á mórauðum og leirhvítum hundum. Augnsvipur er mildur.

Eyru: Meðalstór og upprétt. **Vel aðgreind án þess að vera lágt sett.** Nálgaast jafnarma þríhyrning að lögun. Brúnir eru sléttar og stinnar en eyrnabroddar aðeins ávalir. Eyrnir eru hreyfanleg og kvik og undirstrika athygli og hugarástand hundsins.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

HÁLS:

Háls er í meðallagi langur og reistur, sterklegur og hvelfdur við hnakka. Húð er þéttliggjandi.

HÁLS:

Í meðallagi langur og sterklegur, húð er þéttliggjandi. Nokkuð reistur og ber höfuð vel.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

BOLUR:

Bolur er sterklegur og í samræmi við byggingu hundsins og heildarsvip.

Bak: Bak er sterklegt, vel vöðvafyllt og beint.

Brjóstkassi: Brjóstkassi er langur, djúpur og vel hvelfdur.

Lend: Lend er breið og vöðvafyllt .

Spjaldhryggur: Spjaldhryggur er tiltölulega stuttur, breiður, ávalur og vel vöðvafylltur.

Kviður: Kviður er aðeins uppdreginn.

BOLUR:

BOLUR: Sterklegur og í samræmi við byggingu hundsins og heildarsvip.

Bak: Beint, vöðvafyllt og sterkt.

Mjóhryggur: Breiður, vöðvafylltur og nokkuð stuttur.

Spjaldhryggur: Tiltölulega stuttur og breiður, hallar lítillega og vel vöðvafylltur.

Brjóstkassi: Langur, djúpur og vel hvelfdur.

Undirlína: Lítillega uppdregin.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

SKOTT:

SKOTT:

Skott er hátt ásett og hringast upp á bakið.

Hátt ásett og hringast upp á bakið.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

ÚTLIMIR:

FRAMFÆTUR: Framfætur séðir framan frá eru samsíða, beinir og sterkbyggðir. Liðbeygjur eru eðlilegar.

Bógar: Herðablöð eru vel hallandi og bógar vel vöðvafylltir.

Sporar: Sporar mega vera tvöfaldir.

Loppur: Lögun loppunnar er aðeins ílöng, tær eru hvelfdar og liggja þétt saman. Þófar eru stinnir.

ÚTLIMIR:

FRAMHLUTI:

Heildarsvipur: Séð framan frá eru framfætur beinir, samsíða og sterkbyggðir. Liðbeygjur eru eðlilegar.

Herðar: Vel hallandi og vöðvafylltar.

Sporar: Mega vera tvöfaldir.

Loppur: Aðeins ílangar, tær eru hvelfdar og liggja þétt saman. Þófar eru stinnir.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

ÚTLIMIR:

AFTURFÆTUR: Afturfætur séðir aftan frá eru samsíða, beinir og sterkbyggðir. Liðbeygjur eru eðlilegar.

Læri: Læri eru breið og vöðvamikil.

Sporar: Sterklegir, tvöfaldir sporar (fjársporar), eru mjög æskilegir.

Séu tvöfaldir sporar á fram- og afturfótum er hundurinn alspora.

Loppur: Sjá framfætur.

ÚTLIMIR:

AFTURHLUTI:

Heildarsvipur: Séð aftan frá eru afturfætur beinir, samsíða og sterkbyggðir. Liðbeygjur eru eðlilegar.

Læri: Breið og vöðvafyllt.

Sporar: Sterklegir tvöfaldir sporar eru æskilegir.

Loppur: Aðeins ílangar, tær eru hvelfdar og liggja þétt sama n. Þófar eru stinnir.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

HREYFINGAR:

Hreyfingar eru vasklegar, léttar og fjörlegar.
Spyrna afturfóta er kröftug. Yfirferð er **drjúg**.

HREYFINGAR:

Vasklegar, léttar og fjörlegar. Spyrna afturfóta er kröftug og yfirferð **áreynslulítill**.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

FELDUR:

Feldur er myndaður úr þeli og yfirhárum og **hrindir vel frá sér vætu.**

FELDUR:

FELDUR: Tvöfaldur, myndaður úr þeli og yfirhárum, **þykkur** og mjög **veðurþolinn**.

HÁRAFAR ER MEÐ TVENNU MÓTI:

Snögg hárafar: **Ytri hár** eru í **meðallagi löng og** frekar gróf en þelið þétt og mjúkt. Hár á trýni, kolli, eyrum og framan á fótleggjum er þétt og sneggra, en lengra á hnakka, á hálsi, herðakambi, bringu og aftan á lærum. Skott er þétthært og loðið og lengd skotthára er í samræmi við hárafar hundsins.

HÁRAFAR ER MEÐ TVENNU MÓTI :

Snögg hárafar: **Yfirhár** eru frekar gróf en þelið þétt og mjúkt. Hár á trýni, kolli, eyrum og framan á fótum er sneggra, en lengra á hnakka, hálsi, herðakambi, bringu og aftan á lærum. Skott er þétthært og loðið og lengd skotthára í samræmi við hárafar hundsins.

HÁRAFAR ER MEÐ TVENNU MÓTI:

Langt hárafar (lubbar): Ytri hár eru **lengri en í meðallagi** og frekar gróf en þelið þétt og mjúkt. Hár á trýni, kolli, eyrum og framan á fótleggjum er þétt og sneggra, en mun lengra á hnakka, við eyru, á hálsi, herðakambi, bringu, aftan á framfótum (fanir) og aftan á lærum. Skott er þétthært og loðið og lengd skotthára í samræmi við hárafar hundsins.

HÁRAFAR ER MEÐ TVENNU MÓTI :

Langt hárafar (lubbar): Ytri hár eru lengri og frekar gróf en þelið þétt og mjúkt. Hár á trýni, kolli, eyrum og framan á fótleggjum er sneggra, en mun lengra á hnakka, við eyru, á hálsi, herðakambi, bringu, aftan á framfótum (fanir) og aftan á lærum. Skott er þétthært, **mjög** loðið og lengd skotthára í samræmi við hárafar hundsins.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

HÁRAFAR ER MEÐ TVENNU MÓTI:

LITIR:

LITIR: Litbrigði eru með ýmsu móti, en þó skal einn aðallitur ávallt vera ríkjandi.

Aðallitir eru:

- Gulur í ýmsum blæbrigðum, allt frá ljósgulum lit til dökkrauðguls litar.
- Leirhvítur.
- Mórauður.
- Grár.
- Svartur.

Gulur og rauður í ýmsum blæbrigðum, allt frá ljósgrágulum eða ljósgulum lit til dökkrauðguls litar

Leirhvítur

Grár í ýmsum blæbrigðum

Mórauður í ýmsum blæbrigðum

Svartur

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

LITIR:

Hvít fylgir alltaf aðallit, en algengir hvítir flekkir eru: Blesa (blesótt), önnur kinn eða helmingur höfuðs (skjömbótt), kragi (strútótt), á bringu, í skottenda (tíra/týra), í kringum klær (sporótt), upp eftir löpp (löppótt) og hátt upp eftir löpp (leistótt).

Mjög algengt er að aðalliturinn sé ljósari, jafnvel hvítur, frá hálsi undir kvið og aftur á skottenda (botnótt).

Oft fylgir kolóttur blær á trýni gulum og gráum feldlit og jafnvel svört hár og hárendar (kolhært). Svörtum aðallit fylgja alltaf einhverjir af ofangreindum hvítum flekkjum ásamt gulum lit á fótleggjum, kinnum og yfir augum (**þrílitt**).

Mikið flekkótt er leyfilegt, en ekki er æskilegt að hvít sé ríkjandi.

LITIR :

Hvítar **merkingar** fylgja alltaf aðallit. Mjög algengt er að aðalliturinn sé ljósari frá hálsi, undir kvið og aftur á skottenda (botnótt).

Kolóttur blær á trýni og jafnvel svört hár og hárendar (kolhært) fylgir gráum og oft gulum og rauðum feldlit.

Svörtum **eða mórauðum feldlit** fylgja oftast hefðbundnar gular eða grágular merkingar á kinnum, yfir augum, undir skotti og á fótleggjum.

Flekkóttir hundar hafa misstóra ríkjandi flekki á líkama og geta auk þess haft aðrar hvítar merkingar.

Hvítar **merkingar, eru oft óreglulegar**, blesa (blesótt), önnur kinn eða helmingur höfuðs (skjömbótt), kragi (strútótt), á bringu, í kringum klær (sporótt), upp eftir löpp (löppótt), hátt upp eftir löpp (leistótt) og í skottenda (týra).

Litur er æskilegur á eða við eyru.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

HÆÐ:

HÆÐ:

Æskileg hæð **hunda** er 46 sm og **tíka** 42 sm.

Æskileg hæð á herðakamb:

Rakkar: 46 cm.

Tíkur: 42 cm.

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

GALLAR:

Öll frávik frá ofangreindri lýsingu eru gallar sem skulu dæmdir í réttu hlutfalli við frávik frá ræktunarmarkmiðinu.

Svört kápa (kápótt) með gulum og gráum aðallit.

GALLAR :

Öll frávik frá ofangreindri lýsingu eru gallar. Alvarleika þeirra ætti að meta eftir vægi og í réttu hlutfalli við hvaða áhrif þeir hafa á heilbrigði og líðan hundsins. **(FCI)**

Gegnheil svört eða **mórauð** kápa á gulum eða rauðum hundi

Mjög ljós augu

Kringlótt augu

Algjört sporaleysi á afturfótum

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

ALVARLEGIR GALLAR:

- Engir sporar.
- Gul augu.
- Kringlótt, útstæð augu.

ALVARLEGIR GALLAR :

- Blá augu
- Gul augu

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

ÓÁSÆTTANLEGIR GALLAR :

Ný fyrirsögn

Hundur með augljósa líkams- eða hegðunargalla fær einkunnina 0

ÓÁSÆTTANLEGIR GALLAR :

Árásargjarnir eða mjög fælnir hundar

Hundur með augljósa líkams- eða hegðunargalla fær einkunnina 0

SAMANBURÐUR

NÚVERANDI

ENDURSKOÐAÐ

ATHUGIÐ_:

Bæði eistu skulu vera af eðlilegri stærð og rétt staðsett í pungnum.

ATHUGIÐ_:

Bæði eistu skulu vera af eðlilegri stærð og rétt staðsett í pungnum **(FCI)**

Einungis skal nota hunda til ræktunar sem eru heilbrigðir á sál og líkama og eru dæmigerðir fyrir kynið **(FCI)**

